



Umhverfis- og orkustofnun
Edda Sigríður Freysteinsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Garðabær, 8.8.2025
Málsnúmer: 202507-0019
IAS

Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi á vatnasviði Gilsár í Fljótsdal.

Vísað er til erindis frá Umhverfis- og orkustofnun frá 8. júlí 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umsókn Orkusölnunnar ehf. um rannsóknarleyfi á vatnasviði Gilsár í Fljótsdal.

Orkusalan ehf. sækir um rannsóknarleyfi til 5 ára vegna könnunar á mögulegum vatnsaflskostum í Gilsá í Fljótsdal sem rennur á mörkum Fljótsdalshrepps og Múlaþings við suðurenda Lagarfljóts/Lagarins. Tilgangur þeirra rannsókna sem umsókn um rannsóknarleyfi snýr að er að afla þekkingar á aðstæðum á svæðinu, en það er grundvöllur fyrir áætlanagerð, útfærslu framkvæmdar, mat á umhverfisáhrifum og mat á hagkvæmni mögulegrar vatnsaflsvirkjunar.

Gert er ráð fyrir að rannsóknir miðist meðal annars við rennislismælingar, landmælingar, athuganir á hentugri staðsetningu mannvirkja, rannsóknum jarðlaga og jarðefna, skráningu á lífríki og gróðri á rannsóknarsvæðinu sem og menningarminjum. Landmælingar, jarðvegssýnatökur, rannsóknir á vatnalífi, fuglum, gróðri og jarðmyndunum, rannsóknir á fornleifum o.fl. munu svo að lokum leiða í ljós hvernig endanlega útfærsla og tilhögun virkjunar verður, ef um fýsilegan kost er að ræða.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerðina með rannsóknarleyfisumsókninni og eins og þar kemur fram er rannsóknarsvæðið á C-hluta Náttúruminjasrár, Ranaskógur og Gilsárgil.

Gilsárgil er einnig á Náttúrumæaskrá Helga Hallgrímssonar og þar segir: „Gilsárgil er mikilfenglegt hamragil, sem Gilsá hefur grafið í mynni Gilsárdals og fram úr honum. Það er um 5 km langt, og allt að 70-80 m djúpt á kafla utantil, krókótt, litskrúðugt, með fjölbreyttum bergmyndunum og mjög gróðurríkt. Áin fellur á flúðum í stórgrýttum botni gilsins, víða með hyljum, en fossalaus. Hvammar gilsins eru víða skógi vaxnir. Mikið er af reyni í öllu gilinu að vestanverðu og í Ranaskógi. Í gilbotni eru breiður af eyrarrós, en einir og sortulyng vefjast um skriður og stalla. Fjöldi bergganga kemur fram í gilinu neðantil, og þar rís 20-30 m hár drangur, að lögun sem kirkjuturn, og skúti í dyrastað, stundum nefndur Álfakirkja Neðan við eyðibýlið Skjögrastaði er Bæjarhvammur í gilinu, skógi vaxinn, með óreglulegum klettahraukum, og virðist vera berghlaup úr gilbarminum; stuttu innar fellur Grafningsá í um 40 m háum flúðfossi ofan í gilið. Þar fyrir innan gryn timer gilið smám saman, og endar í lágu fossi inni á dalnum. Auðvelt er að ganga upp með gilinu að vestanverðu, í gegnum Ranaskóg, og að austan er bílfær vegur upp í Skjögrastaði.“



Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við útgáfu rannsóknarleyfis vegna mögulegrar vatnsaflsvirkjunar í Gilsá. Stofnunin gerir ráð fyrir því að raski á umhverfi vegna rannsókna verði haldið í lágmarki og að frágangur verði til fyrirmyndar að rannsóknum loknum.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur